

252. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Grundaskóla, miðvikudaginn 18. desember 2024 og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Þórður Guðjónsson aðalmaður, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Hrafnhildur Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Maren Ósk Elíasdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2412172 - Tækjakaup í C-álmum Grundaskóla

Ósk um tilfærslu fjármagns af launaliðum vegna tækjakaupa fyrir nýbyggingu Grundaskóla.

Sigurður Arnar Sigurðsson skólastjóri Grundaskóla situr fundinn undir fundarliðum 1-3.

Skóla- og frístundaráð leggur til við bæjarráð að heimila tilfærslu fjármuna af launaliðum Grundaskóla til tækjakaupa fyrir nýbyggingu skólans, C-álmum, sem tekin verður í notkun snemma á nýju ári.

2. 2412027 - Starfsáætlun grunnskóla 2024-2025

Sigurður Arnar Sigurðsson kynnir starfsáætlun Grundaskóla fyrir skólaárið 2024-2025.

Skóla- og frístundaráð staðfestir starfsáætlun Grundaskóla fyrir skólaárið 2024-2025 og þakkar Sigurði Arnari fyrir góða yfirferð.

3. 2412174 - Opni skólinn - Heillaspor

Skóla- og frístundaráð fær kynningu á þróunarverkefni Grundaskóla sem skólastjórnendur og starfsfólk hafa unnið að frá árinu 2021.

Skóla- og frístundaráð þakkar Sigurði Arnari fyrir greinargóða kynningu á framsæknu og gróskumiklu skólastarfi í Grundaskóla.

Sigurður Arnar Sigurðsson vísar af fundi.

4. 2312220 - Tómsundaframlag - vinnumhópur um endurskoðun

Bæjarráð fól skóla- og frístundaráði að rýna fyrirkomulag og nýtingu tómsundaframlags Akraneskaupstaðar og leggja fram tillögur að hækkun og/eða breytingum á fyrirkomulagi til hagsbóta fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra. Guðmunda Ólafsdóttir framkvæmdarstjóri ÍA situr fundinn undir þessum dagskrárlíð.

Skóla- og frístundaráð leggur til við bæjarráð að tómsundaframlag fyrir árið 2025 verði hækkað um 3,5%. Ráðið leggur einnig til eftirfarandi breytingar á fyrirkomulagi úthlutunar: Tómsundaframlagið gildi fyrir 5-17 ára börn (áður 6-18 ára). 5 ára börn fái hálfan styrk en 6-17 ára fullan styrk. Áfram tekur styrkupphæð

mið af fjölda barna á heimili. Skóla- og frístundaráð leggur einnig til að 18 ára ungmennum standi til boða árskort í þrek- og sund í íþróttamannvirkjum Akraneskaupstaðar þeim að kostnaðarlausu. Fyrirkomulag þetta byggir á gögnum um nýtingu tómstundaframlags s.l. tveggja ára - rétt rúmlega 30% 18 ára ungmenna hafa nýtt tómstundaframlagið. Skráðir 5 ára iðkendur hjá ÍA eru 93, eða um 80% 5 ára barna á Akranesi. Meðaltals nýtingarhlutfall tómstundaframlags á Akranesi fyrir árið 2024 er 77%. Kostnaði verður mætt innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs.

Guðmunda Ólafsdóttir vikur af fundi.

5. 2312219 - Gjaldskrá frístundadvalar utan lögheimilissveitarfélags

Lagt er til að gjaldskrá vegna frístundadvalar utan lögheimilissveitarfélags fyrir árið 2025 hækki um 15%. Þá er innifalið gjald vegna aðstöðu, efniskostnaðar og umsýslu.

Skóla- og frístundaráð samþykkir 15% hækkun á gjaldskrá vegna frístundadvalar utan lögheimilissveitarfélags og vísar málinu til umræðu hjá bæjarráði.

6. 2412175 - Skref fyrir skref - móttökuférlí

Verkefnastjóri kynnir fyrir ráðinu verkefnið Skref fyrir skref sem er í þróun. Um er að ræða móttökuférlí fyrir aðflutt börn í sveitarfélaginu og á að ná til leik- og grunnskóla, frístundaheimila og íþrótt- og tómstundastarfs. Verkefnið tengist verkefnum verkefnastjóra farsæls frístundastarfs og samræmdri móttöku flóttamanna, en nær í raun víðar og er umfangsmeira og byggir á þrepaskiptum stuðningi.

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir góða kynningu.

7. 2408055 - Invest in play - tengjumst í leik

Leikskólar Akraneskaupstaðar luku nýverið við að halda foreldranámskeiðið Tengjumst í leik í samvinnu við Invest in play® og Föruneyti barna. Akranes er fyrsta sveitafélagið á Íslandi sem bauð foreldrum barna í öllum sínum leikskólum á námskeiðið án endurgjalds. Foreldrar 48 barna á Akranesi sátu námskeiðið í fjórum leikskólum.

Skóla- og frístundaráð fagnar vel heppnuðu verkefni og hvetur foreldra leikskólabarna til að kynna sér efnið og þiggja boð á námskeið.

8. 2412013 - Námsleyfi í leikskóla 2024

Úthlutun fjármagns til leikskóla vegna starfsmanna sem sækja nám í leikskólafræðum með vinnu.

Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögu að greiðslum til leikskólanna vegna náms leikskólustarfsmanna sem stunda nám í leikskólafræðum samhliða vinnu og fá að sækja tíma á launum. Ekki er gert ráð fyrir viðauka vegna þessa kostnaðar þar sem fjármagn er til í fjárhagsáætlun sviðsins

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:45.

